

Kvikmyndasjóður

Myndböndin "Í jöklanna skjóli" (Fræðslumyndbönd um atvinnuhætti í Skaftafellssýslum fyrr á tímum) eru enn fánleg hjá Kvikmyndasjóði Skaftfellinga og eru tilvalin jóla- og tækifærisgjöf.

Allt settið, 9 spólur, á 9.000 kr., en hver stök spóla 1.300 kr.

Upplýsingar og dreifing er í höndum Vigfúsar Gíslasonar sem veitir nánari upplýsingar í sínum: 892 4452 og 483 3569.

Spilakvöld

Rangæingafélagið og Skaftfellinga-félagið halda áfram sameiginlegum spilakvöldum eftir áramót. Aðsóknin hefur verið mjög góð fyrrihluta vetrar og spilað á allt að 17 borðum. Spiluð verður framsóknarvist í Skaftfellingabúð eftirtalin miðvikudagskvöld kl. 20:00: 8. janúar – 22. janúar – 5. febrúar – 19. febrúar – 5. mars. Boðið verður upp á kaffi og meðlæti. Verð kr. 700.



Íslandsmeistaramót í Hornafjarðarmanna og Þorralót Hornfirðinga í Reykjavík

Undankeppni Íslandsmeistaramótsins í Hornafjarðarmanna verður haldin í Skaftfellingabúð föstudaginn 31. janúar kl. 20:00.

Kvöldið eftir, á Þorralóti Hornfirðinga í Reykjavík, verður spilað til úrslita og Íslandsmeistari krýndur.

Skaftfellingabúð

Útleiga Skaftfellingabúðar er í umsjón Steinars Davíðssonar til allrar veisluþjónustu um helgar (sjá auglýsingu frammar í blaðinu). Aðrar upplýsingar varðandi útleigu virka daga veitir Skúli Oddsson í síma 864 3415.



Netfangasöfnun!

Félagsmenn eru áfram hvattir til að senda netföng sín til stjórnar félagsins á netfangið: lauga.sig@isl.is

Þorralót

Undanfarin ár hefur hópur ungra Skaftfellinga innan félagsins staðið fyrir svokölluðu sveitaballi. Nú hefur verið ákveðið að halda Þorralót í stað sveitaballsins en það verður í Skaftfellingabúð laugardaginn 22. febrúar og hefst með borðhaldi kl. 20:00. Auglýst síðar.



Fréttabréf

Skaftfellingafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955

5. tbl. desember 2002

Endursendist með upplýsingum um nýtt pósthfang ef viðtakandi er fluttur

- **Söngfélagið**
Aðventustund 8. des.
Björkvöld 17. janúar
- **Jólatrésskemmtun**
29. desember
- **Spilakvöld kl.20**
8. janúar
22. janúar
5. febrúar
19. febrúar
5. mars
- **Íslandsmeistaramótið í Hornafjarðarmanna**
31. janúar
- **Þorralót Hornfirðinga í Reykjavík**
1. febrúar
- **Þorralót**
22. febrúar
- **Árshátíð Skaftfellinga og Rangæinga**
15. mars 2003
- **Skálm**
Fimmtudaga og laugardaga
- **Kökubasar kvenf. Skaftárhrepps í Garðheimum**
7. og 8. desember



Aðventustund

Aðventustund Söngfélags Skaftfellinga verður haldin sunnudaginn 8. desember kl. 16:00 í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178.

Þar mun kórinn flytja nokkur jólalög undir stjórn Violetu Smid, sagðar jólasögur og hljóðfæraleikur.

Aðgangseyrir kr. 500, frítt fyrir börn. Boðið verður upp á kaffi og meðlæti. Allir velkomnir.



Jólatrésskemmtun

Jólatrésskemmtunin verður haldin sunnudaginn 29. desember kl. 15:00 í Skaftfellingabúð með tilheyrandi uppákomum og veitingum. Aðgangseyrir 1.200 fyrir fullorðna, frítt fyrir börn.



**MUNID AUGLÝSINGAR
Í DAGBÓKUM DAGBLADANNA**

Árshátíð

Sameiginleg árshátíð Skaftfellinga og Rangæinga verður haldin í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14 laugardaginn 15. mars 2003. Nánar auglýst þegar nær dregur.

Björkvöld

Björkvöld Söngfélagsins verður föstudagskvöldið 17. janúar 2003 og hefst kl. 21:00 í Skaftfellingabúð. Þar verður sungið og trallað fram eftir nóttu og dansað undir harmonikkuleik. Allir velkomnir. Formaður Söngfélagsins er Kolbrún Einarsdóttir, sími 551 7564.

Kökubasar

Kökubasar kvenfélagsins Hvatar úr Skaftárhreppi verður í Garðheimum í Mjódd dagana 7. og 8. desember n.k. Þar verða seldar skaftfellskar hnallþóru frá kl. 13-17 á laugardag og 13-15 á sunnudag. Einnig verður hægt að kaupa kaffi og meðlæti á staðnum.

Skálm

Skálmur ganga og ganga fram og aftur. Nú er tækifærið að slást í hópinn á nýju ári hreysti og hreyfingar. Slá saman léttum lundum og kætast við hvert fótmað, segja sögur og ígrunda næstu sumarferð. Skálmað er á:

laugardagsmorgnum kl. 11 (2 klst.)

og á **fimmtudögum kl. 19 (1 klst.)**.

Laugardagsmorgnar eru tilvaldir til göngu á jaðarsvæðum í nágrenni höfuðborgarinnar þar sem sjaldnast eru malbikaðir stigar, en fimmtudagskvöld heppilegri til göngu á upplýstum stígum í þéttbýlinu. Nánari upplýsingar í síma 891 7354.

- 4. jan. Rauðavatn
- 9. jan. Laugardalur (við Skautahöll)
- 11. jan. Heiðmörk (við Furulund)
- 16. jan. Klambratún (við Kjarvalsstaði)
- 18. jan. Elliðaárdalur (Reiðhöll í Víðidal)
- 23. jan. Nauthöll
- 25. jan. Heiðmörk (við Furulund)
- 30. jan. Elliðaárdalur (við Árbæjarsafn)
- 1. feb. Seltjarnarnes (við sundlaug)
- 6. feb. Garðabær (við Víðalínskirkju)
- 8. feb. Ástjörn (við Haukahús)
- 13. feb. Öskjuhlíð (við Nauthól)
- 15. feb. Vífilstaðir
- 20. feb. Nauthöll

Hugleiðingar á aðventu

Er Guð til? Er það satt að Guð hafi fæðst á jólnum? Hvernig getur hinn mikli Guð birst okkur sem lítið ósjálfbjarga barn? Getur þetta litla barn lýst upp líf mitt? Þau eru mörg spurningarmerkin sem gjarnan fylgja vangaveltum um Guð og trú. Það er eðlilegt að við upplýst nútímafólk stöðrum við og spyrjum spurninga um undur hinna fyrstu jóla. Getur þetta hafa gerst í raun og veru? Slikar vangaveltur þurfa ekki að benda til trúleysis. Þvert á móti. Miklu nær er að segja að þær séu leit okkar að hinu heilaga og um leit að barninu í okkur sjálfum. Það er raunar oft sagt að jólin séu hátíð barnanna og víst getum við tekið undir það. Eldra fólk segir gjarnan þegar rætt er um trúmál að það eigi sína barnatrú.

Undirbúningur jólahátíðarinnar snýst einmitt um það að við leitum barnsins í okkur og finnum barnslega eftirvæntingu jólanna. Barnið kallar fram það hreina og saklausa og færir okkur uppsprettu sannrar jólagleði. Sú uppspretta er litla barnið í jötunni, sú uppspretta er Guð. Þess vegna getum við heilshugar sagt: Jólin eru hátíð barnanna, barnanna okkar og barnsins í okkur.



Boðskapur aðventunnar hljómar í kirkjum og á heimilum: „Konungur þinn kemur til þín“. Hann kemur til þín og mín og hvetur okkur til að íhuga á aðventunni hvað það er sem raunverulega gefur lífinu gildi. Konungurinn sem kemur sækist ekki eftir auði og völdum. Hann sækist eftir rými í hjarta þínu.

Það hefur stundum verið sagt um okkur Skaftfellinga að við séum sérkennilegt fólk. Því hefur einnig verið haldið á lofti að við segðum hvorki já né nei. Við getum auðvitað hvorki játað né neitað þeim vangaveltum.... Annað sem er stundum um okkur sagt er að við séum hógvær. Við förum víst seint að hreykja okkur af því. Hinsvegar skulum við, ef eitthvað er til í þessum orðrómi varðveita þann eiginleika. Hann er ekki sist mikilvægur á aðventunni. Mikið er talað um hraða og hlaup. Hin hógværu taka sér tíma, gera ekki tilraun til að troðast áfram og eiga því betri möguleika á því að njóta. Jesús segir í fjallræðunni: „sælir eru hógværir“. Tökum það til okkar og mætum náunga okkar í skaftfellscri hógværd á aðventunni og ávallt.

Guð gefi Skaftfellingum nær og fjær frið á aðventu og gleði á jólum.

Sigrún Óskarsdóttir,
sóknarprestur í Árbæjarkirkju.

VEISLUPJÓNUSTA SALATBARSINS HJÁ EIKA

PÓSTHÚSSTRÆTI 13

Sími: 562 1934 fax: 562 1994 videvjarstofa@videvjarstofa.is www.salatbar.is

Salatbarinn hjá Eika býður vandaða veislupjónustu í glæsilegum sal Skaftfellingafélagsins að Laugavegi 178 þar sem lögð er áhersla á veislur og mannfagnaði fyrirtækja, einstaklinga og félagasamtaka.

Sem dæmi er boðið upp á glæsilegt hlaðborð fyrir stórveislu eða árshátíð.

Graflax með sinnepssósu, heitreykt bleikja úr Landbrotinu með eggjahæru, sjávarréttasalát með melónu, hreindýratarina með cumberlandsósu, fyllt lambalæri með villisveppasósu, léttreyktur svínakambur, innbökuð nautalund með rauðvínssósu.

Skaftfellingafélagið í Reykjavík óskar félagsmönnum og öðrum Skaftfellingum geðilegra jóla, árs og friðar.

